

Starfsleyfi fyrir flugeldasýningu 2021-2024

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur mótttekið umsókn frá Björgunarsveitinni Gerpir dags. 13.11.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýninga sem haldnar eru árlega á áramótum í Neskaupstað.

Starfsemin er starfsleyfis skyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfishafi:	Björgunarsveitin Gerpir, kt. 550579-0499
Staðsetning:	Hafnarsvæði Norðfjarðarhafnar
Varastaðsetning:	Snjóflóðavarnagarðar ofan Neskaupstaðar
Tímasetning:	Seinnipart gamlársdag
Varatímasetning:	Seinnipart nýársdag

1. Gildis- og ábyrgðarsvið

- Leyfið tekur til flugeldasýninga árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum. Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar ár hvert.
- Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.
- Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

2. Skilyrði

- Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögreglu yfirvalda fyrir sýningunni.
- Skylt er að haga allri háværru starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

dd. desember 2021
F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi